

## 15. fundur

Safnanefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 13. apríl 2000 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, Ægir Jóhannsson, Laufey Hjaltalín, Þórður Magnússon, Guðmundur Andrésón.

Auk þeirra Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins.

Formaður, Guðrún A. Gunnarsdóttir setti fundinn kl. 17:40.

1. Starfsemi Amtbókasafnsins.

Sigurlína sagði frá því að vinnu við hitaveitutengingar og málningu innanhúss væri lokið. Einnig er komið nýtt afgangsluborð og ræstingarskápur kemur fljótlega.

2. Fjárhagsáætlun 2000.

Fjárhagsáætlun yfirfarin og rædd. Liðurinn þróunarsjóður hefur fallið út. Áætlun nefndarinnar var 300 þúsund kr. í þessum lið sem standa átti straum af nýjum verkefnum, tölvukerfi o.fl.

3. Önnur mál.

Guðrún sagði frá því að hún ásamt bæjarstjóra og Eyþóri Benediktssyni hefði átt fund með menntamálaráðherra um Bátasafnið.

Rætt um að æskilegt væri að koma upp Héraðsskjalasafni.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00.

Guðmundur Andrésón, fundarritari (sign.).

Þórður Magnússon (sign.),  
Laufey V. Hjaltalín (sign.),  
Ægir Jóhannsson (sign.),  
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),  
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.).